

Stofnanasamningur Háskóla Íslands

og

Félags íslenskra náttúrufræðinga

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem starfa hjá Háskóla Íslands (HÍ) og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi félagsins við fjármálaráðherra og úrskurði Gerðardóms frá 14. ágúst 2015.

2. Almennar forsendur röðunar starfa í launaflokka

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Við grunnröðun starfa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísiglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3. Röðun starfa samkvæmt starfsmatskerfinu Skrefi

Náttúrufræðingar sem starfa við stjórnsýslutengd störf, stoðþjónustu eða þjónusturannsóknir og ráðnir eru samkvæmt auglýsingu til a.m.k. eins árs fá starfið metið til launaröðunar samkvæmt starfsmatskerfinu Skrefi. Slíkt mat skal vera heildstætt (starfsmat, hæfnismat, ársmat) og ná til endanlegrar launaröðunar sem getur breyst á grundvelli uppsafnaðra stiga, miðað við 1. september ár hvert.

Starfsmenn sem raðast til launa í samræmi við starfsmatskefið Skref skulu sækja um greiðslur úr ársmati fyrir 10. maí ár hvert. Greiðslur eru inntar af hendi 1. september árlega.

4. Nýdoktorar og rannsóknasérfræðingar

4.1 Röðun starfa samkvæmt Matsreglum opinberu háskólanna

Nýdoktorar og rannsóknasérfræðingar sem starfa að grunnrannsóknum og ráðnir eru til a.m.k. eins árs og hafa rannsóknastarf að aðalstarfi (+ 50%) fá störf sín metin samkvæmt matskerfi opinberu háskólanna. Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa nýdoktora og rannsóknasérfræðinga á milli launaflokka. Vegna þessa skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþáttu skv. rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna.

Starfsmenn sem raðast til launa í samræmi við Matsreglur opinberra háskóla fá greitt fyrir framlögð rannsóknastig umfram þröskuld skv. rannsóknaskýrslu fyrir verk umliðins árs, sbr. matskerfi opinberu háskólanna.

Skilafrestur er 1. febrúar ár hvert, mati skal lokið fyrir 1. september og gildir hækjun um launaflokk frá sama tíma. Á sama hátt eru greiðslur fyrir framlögð rannsóknastig umfram þröskuld inntar af hendi 1. september.

5. Fyrirvarar og endurskoðun

5.1 Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaþrep

Stofnanasamningur þessi miðast við Matreglur opinberra háskóla og matsreglur Skrefs eins og þær eru við upphaf samningsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiða til breytinga á stigagjöf skulu röðunarforsendur endurskoðaðar. Launatenging við launatöflu FÍN er í bókun 2.

5.2 Endurskoðun launatengingar

Launaröðun samkvæmt stofnanasamningi tekur mið af viðmiðum um sambærileg laun með tilliti til heildarstigafjölda þeirra sem heyra undir matskerfið Skref og Matsreglur opinberra háskóla. Endurskoða skal launatengingar ef mismunandi breytingar verða á launatöflum einstakra stéttarfélaga. Í þessu sambandi skal hafa til hliðsjónar umfjöllun um sambærileg störf og starfafjölskyldur þvert á stéttarfélög í handbók BHM og fjármálaráðuneytisins 2015 um gerð og inntak stofnanasamninga.

6. Meistara- og doktorsnemar

Meistara- og doktorsnemar eru nemendur að aðalstarfi, störf þeirra með námi eru að öllu jöfnu fjármögnuð af styrkjum eða sjálfsaflafé sem setur launasetningu skorður. Tryggt skal þó að röðun þeirra verði ekki lægri en í launaflokk 3 og 4. Við ráðningu skal meta starfshlutfall og/eða ráðningartíma m.t.t. fjárhæðar styrksins.

7. Grunnröðun annarra starfa sem falla hvorki undir Skref né Matskerfi opinberra háskóla

7.1 Náttúrufræðingur I/Aðstoðarmaður:

Starfar undir beinni stjórni yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkþátta sem honum eru faldir.

7.2 Náttúrufræðingur II:

Starfar undir stjórni yfirmanna sinna og vinnur að stórum hluta sjálfstætt að úrlausn verkþátta.

7.3 Náttúrufræðingur III:

Hefur umsjón með og ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum eða verkþáttum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.

7.4 Náttúrufræðingur IV:

Starfar við grunn- og/eða þjónusturannsóknir. Hefur umsjón með viðamiklum verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Getur tekið þátt í kennslu eða leiðbeiningu á sínu fagsviði.

7.5 Grunnröðun

Við grunnröðun starfa er miðað við BSc 180 ECTS.

Starfsheiti	Lágmarkslaunaflokkur
Náttúrufræðingur I/Aðstoðarmaður	03
Náttúrufræðingur II	05
Náttúrufræðingur III	08
Náttúrufræðingur IV	11

7.6 Persónubundnir og starfstengdir þættir til viðbótar grunnröðun

Þessir þættir eru metnir til allt að 10 launaflokka (frá 1. júní 2016).

Menntun:	Launaflokkar
----------	--------------

BSc honour 240 ECTS	2
Meistarapróf – MSc eða sambærilegt	4
Doktorsapróf – PhD eða sambærilegt	6



Aðrir þættir:

Reynsla – 1 árs starfsreynsla	1
Reynsla – 3 ára starfsreynsla	1
Vinna með líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eða eiturefni	1

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en kr. 30.000,- á mánuði. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta og greiðist ekki lengur en áhrif þeirra vara.

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní 2016

Reykjavík, 1. nóvember 2016

F.h. Háskóla Íslands

Gunn. R. Jóna
Jenny Jónsdótt.
Dra. Mælín

F.h. Félags ísl. náttúrufræðinga

Marianne A. A.
Tóll Hallgrímsson

W

Bókun 1

Ársmat 2016

Vegna þess dráttar sem orðið hefur á að ljúka stofnanasamningi aðila er niðurstaða um að náttúrufræðingar sem raðast samkvæmt Skrefi fái greitt ársmat 1. september 2016 án þess að sækja um það sérstaklega. Ársmat 2016 miðast við starfshlutfall og starfstíma árið 2015.

Bókun 2

Stigatöflur og launatengingar við launaflokka FÍN

Stig Skrefs og Matskerfis opinberra háskóla sem í gildi eru við upphaf stofnanasamnings grundvalla launatengingu við launaflokka FÍN samkvæmt eftirfarandi töflum.

SKREF Launatenging og mánaðarlaun					Matskerfi opinberra háskóla Launatenging og mánaðarlaun				
Tafla FÍN 663					Tafla FÍN 663				
Stig	Lfl.þrep	kr.	Stig	Lfl.þrep	kr.	Heildarstig	Rannsóknastig	Lfl.þrep	kr.
<300	11-4	428.256	650	23-5	619.750	<50	-	14-4	467.967
335	12-5	447.721	675	24-4	628.909	50	-	15-5	489.236
370	14-4	467.967	700	25-4	647.776	100	60	17-4	511.361
400	16-4	496.466	725	25-5	657.493	150	90	19-4	542.502
450	17-5	519.030	750	26-5	677.217	200	140	20-5	567.160
500	19-4	542.502	775	27-5	697.534	400	320	22-5	601.699
535	20-4	558.778	800	28-4	707.843	600	480	25-5	657.493
575	20-5	567.160	850	30-4	750.950	900	720	29-4	729.078
600	21-5	584.174	900	31-5	785.080	1200	960	32-4	796.683
625	22-5	601.699				1600	1280	35-4	870.558
						2000	1600	36-5	910.124